

## Ályktun um innanríkismál

- 1 Í ljósi nálægðar við íbúana eru sveitarfélögin betur til þess fallin en ríkið að sinna einstaklingsbundnum  
2 þörfum íbúanna. Mikilvægt er að sveitarfélög undir forystu Sjálfstæðisflokksins beiti sér fyrir þátttöku íbúa í  
3 ákvarðanatöku á grundvelli ákvæða nýrra sveitarstjórnarlaga um íbúalýðræði.  
4
- 5 Fjárhagsleg staða margra sveitarfélaga er erfið. Lögð er áhersla á efnahagslegan styrk og sjálfsforræði  
6 sveitarfélaga, svo þeim sé unnt að sinna lögbundnum verkefnum sínum og taka við fleiri verkefnum frá ríkinu.  
7 Til þess þurfa tekjustofnar að vera áreiðanlegir og verkaskipting ríkis og sveitarfélaga skýr.  
8
- 9 Mikilvægt er að sveitarfélögin taki ríkari þátt í efnahagsstjórn landsins, því nauð synlegt er að ríki og  
10 sveitarfélög gangi í takt og virkt samráð sé haft um hagstjórn landsins. Þetta á sérstaklega við nú þegar  
11 sveitarfélögin taka að sér í æ ríkari mæli verkefni sem áður hafa verið á forræði ríkis. Sveitarfélög hafa sett  
12 sér fjármálareglur sem takmarka útgjaldavöxt og skuldsetningu milli ára og er það vel. Nauðsynlegt er að ríkið  
13 setji sér einnig reglur sem koma í veg fyrir þenslu ríkisins með tilheyrandi aukinni skattheimtu og  
14 skuldasöfnun.  
15
- 16 Ríki og sveitarfélög finni sér sameiginlegan vettvang þar sem allir þættir félagslegrar og fjárhagslegrar  
17 aðstoðar á vegum hins opinbera verði skoðaðir m.t.t. samræm ingar. Kanna þarf hvar styrkjakerfi skarast og  
18 hver jaðarskattaáhrif fjárhagsstuðnings eru. Stefna þarf að einföldun og samræmingu þjónustu á sviði  
19 velferðarmála og draga þannig úr flækjustigi gagnvart notendum og kostnaði hins opinbera.  
20
- 21 Forsenda þess að fleiri verkefni flytjist frá ríki til sveitarfélaga er að sveitarfélögin séu hagkvæmar  
22 rekstrar einingar sem staðið geti undir lögbundnu hlutverki sínu. Stærri og öflugri sveitarfélög sem annast  
23 fjölþættari verkefni eru liður í eðlilegri valddreifingu og heilbrigðri samkeppni sveitarfélaga um eflingu  
24 lífsgæða. Vinna þarf að eflingu sveitarstjórnarstigsins í góðri sátt við íbúa.  
25
- 26 Sjálfstæðisflokkurinn telur að sveitarfélög eigi að einbeita sér að lögbundnum verkefnum með jafnræði að  
27 leiðarljósi. Þá ber sveitarfélögum að nýta krafta einkaaðila þegar það á við.  
28
- 29 Í stefnu Sjálfstæðisflokksins felst að sveitarstjórnir skapi fyrirtækjum samkeppnishæf skilyrði, m.a. á  
30 grundvelli skipulagsmála. Stuðla ber að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, varðveislu  
31 náttúru- og menningarverðmæta og koma á í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að  
32 leiðarljósi. Tryggja ber að skipulagsvaldið sé hjá sveitarfélögum. Leggja á áherslu á aukið samstarf  
33 sveitarfélaganna í skipulagsmálum á samliggjandi byggða svæðum og auka þar með hagræði og  
34 hagkvæmni.  
35
- 36 Góð menntun, góðar samgöngur og fjarskipti eru eitt af megintækifærum landsbyggðarinnar til aukinna  
37 lífsgæða íbúanna. Því er brýnt að forsendur skapist fyrir fjölbreyttu námsframboði, jafnt með staðbundnu  
38 námi og fjarnámi.  
39
- 40 Sjálfstæðisflokkurinn skal beita sér fyrir mótun nýrrar byggðastefnu, þar sem leita skal þess markmiðs að  
41 jafna aðstöðu landsmanna varðandi atvinnurekstur, atvinnu og búsetu. Skoða skal þau ráð sem næstu

## Ályktun um innanríkismál

42 nágrennar Íslendinga sem búa við mikið misvægi í aðstöðu og búsetu og hafa svipaða samfélagsgerð svo  
43 sem Norðmenn hafa gripið til, ef vera kynni, að af þeim megi læra. Ber þar ekki síst að skoða stöðu þeirra  
44 sem búa á stöðum sem standa höllum fæti vegna bágra samgangna, skertrar opinberrar þjónustu, fjarlægðar  
45 frá mörkuðum og þess háttar. Gjöra skal betur en gert hefur verið í því efni að flytja starfsemi opinberra  
46 stofnana út á land eða einstök verkefni þeirra og koma nýjum stofnunum eða starfsemi fyrir annars staðar en  
47 í Reykjavík og nágrenni í því skyni að jafna umsvif ríkisvaldsins í landinu.

48

49 Grunnur að auknum lífsgæðum er lagður með því að nýta gæði landsins sem best. Skapandi hugsun í  
50 atvinnumálum er nauðsynleg til að fjölga atvinnutækifærum. Uppbygging efnahagslífs, virkjana- og  
51 stóriðju framkvæmdir, framkvæmdir í samgöngum og stuðningur við nýsköpun treystir búsetuskilyrði í landinu.  
52 Jöfnunaraðgerðir, svo sem lækkun húshitunar-, raforku-, fjarskipta- og námskostnaðar, eru til þess fallnar að  
53 styrkja búsetu í dreifðum byggðum.

54

### 55 Samgöngur á landi

56 Samgöngukerfi landsins tók miklum breytingum undir stjórn Sjálfstæðisflokksins. Þó vantar enn upp á að  
57 stofnvegir þess geti talist viðunandi m.t.t. byggðapróunar, atvinnulífs og samkeppnishæfni byggðarlaga.  
58 Koma þarf öllum byggðarlögum í tengingu við hringveginn með bundnu slitlagi.

59

60 Landsfundur Sjálfstæðisflokksins leggur áherslu á að við forgangsriðun samgöngumannvirkja verði tekið tillit  
61 til öryggis, byggðasjónarmiða, umferðarpunga, hagkvæmni, mengunar og gæða. Líta þarf sérstaklega til  
62 alþjóðlegra staðla og viðmiða um þessa þætti. Landsfundur leggur áherslu á að hagkvæmni verði metin,  
63 einnig með tilliti til atvinnu sköpunar. Styttling vegalengda og aukin burðargeta vegakerfisins, bæði innan  
64 fjórðunga og milli lands svæða, þarf að vera í fyrir rúmi við ákvörðun um framkvæmdir við  
65 samgöngumannvirki.

66

67 Landsfundur telur að skoða megi sérstaklega möguleika á annars konar fjármögnun samgöngu mann virkja  
68 en beinna fjárframlaga af fjárlögum.

69

70 Landsfundur vill að staðið verði við áætlun um jarðgöng í gildandi samgönguáætlun sem hefur verið  
71 samþykkt og hefjist framkvæmdir samkvæmt henni strax á næsta ári. Landsfundur telur mikilvægt að ljúka  
72 við lagningu bundins slitlags á öllum meginleiðum innan fjögurra ára. Þá skal markvisst unnið að því að fækka  
73 malarvegum og einbreiðum brúm á stofn- og tengivegum. Uppbygging hjólreiða- göngu- og reiðstíga í og við  
74 þéttbýli þarf að vinna heildstætt.

75

76 Allt stefnir í aukna sókn ferðamanna að helstu náttúruperlum landsins. Landsfundur telur að setja verði fram  
77 áætlun um uppbyggingu og aðgengi að vinsælum svæðum með það að markmiði að ferðamenn geti skoðað  
78 landið á öruggan hátt. Náttúruvernd skal höfð að leiðarljósi við slíkar framkvæmdir.

79

80 Sjálfstæðisflokkurinn vill að ýtt verði undir nýtingu vistvænna orkugjafa við samgöngur og telur að leita þurfi  
81 leiða til að efla almenningssamgöngur þar sem því verður við komið.

82

## Ályktun um innanríkismál

### 83 **Samgöngur á sjó**

84 Vegna landfræðilegrar legu Íslands verða samgöngur á sjó ætíð mikilvægur þáttur í samgöngum þjóð arinnar  
85 og vill landsfundur að vel verði að þeim staðið.

86

87 Landsfundur fagnar komu Þórs hins nýja varðskips okkar Íslendinga. Standa þarf vörð um

88 Landhelgis gæsl una og það mikilvæga starf er hún gegnir fyrir íslenska þjóð.

89

90 Sjálfstæðisflokkurinn vill að ferjuleiðir verði skilgreindar sem hluti af þjóðvegakerfi Íslendinga og sem liður í  
91 eflingu ferðaþjónustunnar. Gjaldtöku og þjónustu ber að haga í samræmi við þá skilgreiningu.

92

### 93 **Samgöngur í lofti**

94 Landsfundur leggur áherslu á að Reykjavíkurlugvöllur gegnir lykilhlutverki sem miðstöð sjúkra- og  
95 innanlandsflugs. Flugvælinum skal því tryggð áframhaldandi aðstaða í Vatnsmýrinni og hið fyrsta skal hefjast

96 handa við byggingu flugstöðvar. Grunnforsenda er að þar séu reknar tvær flugbrautir til frambúðar

97 Landsfundur leggur áherslu á að innanlandsflug verði með svipuðu sniði og verið hefur og áfram verði stutt

98 við flugleiðir til jaðarbyggða, þó þannig að hagkvæmni sé gætt í hvívetna.

99 Íþyngjandi reglugerðir geta orðið þess valdandi að einkaflug á Íslandi leggist af. Leita þarf lausna nú þegar.

10

0 Keflavíkurlugvöllur er miðstöð millilandaflugs á Íslandi og þarf að þróast sem slíkur. Halda þarf áfram

10 upp byggingu flugvallanna í Reykjavík, á Akureyri og á Egilsstöðum og þróun þeirra sem varavellir

1 Kefla víkurflug vallar og til eflingar á millilandaflugi. Rýmka þarf heimildir til að sinna millilandaflugi þar sem

10 aðstæður leyfa á lands byggðinni og auka þar með möguleika í ferðaþjónustu.

2

10 Landsfundur leggur áherslu á að bæta þurfi og hlúa að almannavörnum og björgunarstarfi á öllu landinu.

3

### 10 **Umhverfismál**

4 Íslendingar eiga mikið undir umhverfisvernd og sjálfbærri nýtingu auðlinda. Sjálfstæðisflokkurinn minnir á að  
10 sjálfbær þróun og nýting auðlinda snýst um velferð mannkyns. Stjórnvöld gegna mikilvægu hlutverki og bera

5 mikla ábyrgð við mótun almennrar stefnu í umhverfismálum. Ekkert er þó jafn mikilvægt og ábyrgð

10 einstak lingsins á því sviði. Viðurkenna ber að maðurinn er hluti af umhverfinu og á sinn rétt sem slíkur við

6 mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

10

### 7 **Nýting náttúruauðlinda**

10 Landsfundur telur að skynsamleg og hagkvæm nýting náttúruauðlinda Íslands til framtíðar verði best tryggð  
8 með því að nýtingar- og afnotarétturinn sé í höndum einkaaðila, jafnvel þótt eignarhald auðlindar sé opin bert.

10 Stjórnvöld setji skýrar reglur um nýtingu og afnot auðlindanna til að fyrirbyggja að skamm tímahags munir ráði  
9 för. Þess verði ávallt gætt að nýting orkuauðlinda landsins stefni ekki heilsu íbúanna í hættu. Hlifa þarf

110 náttúruverðmætum á friðlýstum svæðum. Landsfundur leggur áherslu á að ráðstöfun og útteiling

111 nýtingarréttinda auðlinda í opinberri eigu fari fram með gagnsæjum hætti. Hagur þjóðarinnar skal ávallt vera

112 grundvöllur ráðstöfunar auðlindanna.

113

## Ályktun um innanríkismál

114 Öflugar rannsóknir eru forsenda skynsamlegrar og sjálfbærrar auðlindanýtingar. Efla þarf enn frekar  
115 rannsóknir á sviði umhverfis- og auðlindamála og bæta rekstrarumhverfi sjálfstæðra rann sóknaraðila.  
116 Aðgangur að hreinu og góðu drykkjarvatni er hvarvetna forsenda búsetu og kann að verða eitt  
117 megin úrlausn arefni mannkyns í framtíðinni. Landsfundur leggur því þunga áherslu á að vatnsvernd verði  
118 tryggð og að þess verði gætt við skipulagningu nýrra byggða að ekki verði gengið á mikilvæg vatnsból.  
119 Ýtrustu varkárni verði gætt svo þeim verði ekki spillt.

12

0 Samfélag okkar hefur á nokkrum áratugum þróast úr bændasamfélagi til borgarsamfélags þar sem mestur  
12 hluti þjóðarinnar býr í þéttbýli og hefur þar af leiðandi sjaldnast beinan aðgang að landinu. Landsfundurinn  
1 telur því mikilvægt að þegar í stað verði sett lög um almennarétt. Í lögnum yrði kveðið á um umferð, útivist  
12 og aðgengi þjóðarinnar að sínu eigin landi og um takmarkanir og þau úrræði sem landeigandi getur beitt  
2 gerist almenningur of átroðslusamur, sbr. sambærileg lög Norðmanna: Lov om friluftslivet [friluftsløven].

12

### 3 Náttúruvernd

12 Náttúra landsins færir fólki endurnæringu, hvatningu og hugarró. Mikilvægt er að gengið sé vel um náttúruna.  
4 Einkaframtakið reynist vel í náttúruvernd og það þarf að nýta frekar, til dæmis við rekstur þjóðgarða. Huga  
12 þarf vel að náttúruperlum landsins og heimila gjaldtöku til að vernda og stýra aðgangi ferðamanna á  
5 við kvæmum svæðum. Við hönnun mannvirkja verði leitast við að fella þau sem best að umhverfi sínu.  
12 Eitt mikilvægasta verkefni Íslendinga á sviði náttúruverndar er að stöðva gróður- og jarðvegseyðingu. Meðal  
6 annars með aukinni nýræktun skóga á landi þar sem gróðurþekju hefur hnignað.

12

### 7 Ferðafrelsi

12 Landsfundur leggur áherslu á að tryggja beri aðgang almennings um náttúru landsins um vegi og vegslóða.

8

### 12 Loftslagsmál og mengunarvarnir

9 Mengun andrúmslofts spillir umhverfi og lífsgæðum fólks. Landsfundur telur brýnt að draga úr losun  
13 gróður húsalofftegunda, með því að draga úr beinni losun af mannavöldum og með aukinni bindingu í skógi  
0 og öðrum gróðri. Ísland er eitt fárra ríkja sem stendur við skuldbindingar sínar samkvæmt Kyoto-  
13 samkomu laginu og Íslendingar standa framar flestum þjóðum heims í notkun vistvænna orkugjafa.

1

13 Mikilvægt er að minnka magn úrgangs sem þarf að urða með endurnýtingu og endurvinnslu. Hvetja ber  
2 sveitarfélög til að taka upp aukna flokkun á sorpi þar sem hún er hagkvæm. Mikil verðmæti fara forgörðum við  
13 núverandi ástand, ekki síst það landrymi sem urðunin krefst. Draga verður úr notkun óþarfa umbúða.

3

### 13 Orkuauðlindir

4 Nýlegar breytingar á lögum á auðlinda- og orkusviði tryggja núverandi eignarhald opinberra aðila á  
13 orku auð lindum. Mikilvægt er að í sömu lögum er heimilt að veita rétt til afnota af auðlindum í opin berri eigu.  
5 Í ljósi samkeppnis- og jafnræðissjónar miða er mikil vægt að mat á virkjanakostum sé gagnsætt og taki mið af  
13 umgengni við auðlindina og hámarksarðsemi.

6

### 13 Stjórnskipun

## Ályktun um innanríkismál

7 Stjórnarskrá lýðveldisins er kjölfesta stjórnskipunar landsins. Fara á varlega í allar stjórnarskrárbreytingar og  
13 þá sérstaklega á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar, enda var kaflanum breytt síðast árið 1995 og hefur sú  
8 breyting staðist vel tímans tönn. Sjálfstæðisflokkurinn vill standa vörð um þjóðkirkjuna í samræmi við  
13 stjórnarskrána.

9  
14 Óskynsamlegt er að breyta stjórnarskránni í heild sinni. Mikilvægt er að viðhöfð verði vönduð vinnubrögð við  
0 allar breytingar á stjórnarskránni af þar til bærum aðilum. Landsfundur Sjálfstæðisflokksins telur að skoða  
14 megi tillögur stjórnlagaráðs en hafnar óþarfa breytingum á stjórnarskránni. Landsfundur átelur ríkisstjórn fyrir  
1 að virða niðurstöðu æðsta dómstóls landsins, Hæstaréttar Íslands, að vettugi en eins og kunnugt er  
14 úrskurðaði Hæstaréttur kosningu til stjórnlagabings ógilda.

2  
14 Landsfundur leggst gegn hugmyndum um breytingu á atkvæðavægi í kosningum til Alþingis en bendir á  
3 nauðsyn þess að lagfæra kjördæmaskipan landsins.

14  
4 Lögð er áhersla á þrígreiðingu ríkisvaldsins. Stöðu löggjafarvalds ins gagnvart framkvæmdarvaldinu verður  
14 að styrkja.

5  
14 Landsfundur telur mikilvægt að ríkisvaldið standi full skil á félagsgjöldum (sóknargjöldum) þjóðkirkjunnar og  
6 annarra trúfélaga.

14  
7 Sjálfstæðisflokkurinn leggur ríka áherslu á að virða beri mannréttindi í hvívetna og réttindi borgaranna séu  
14 tryggð í samskiptum þeirra við hið opinbera. Mikilvægt er að mannréttindi mæti ekki afgangi á  
8 samdráttartímum.

14  
9 Landsfundur leggur áherslu á að gætt verði að friðhelgi einkalífs borgaranna varðandi hugmyndir um forvirkar  
15 rannsóknarheimildir lögreglunnar.

0  
15 **Löggæslu-, dóms- og fangelsismál**

1 Landsfundur telur mikilvægt að komið sé á millidómsstigi, bæði í einka- og sakamálum til þess að tryggja  
15 réttlátari málsmeðferð.

2  
15 Bæta þarf stöðu fangelsismála. Landsfundur telur þó óskynsamlegt að ráðast í dýrar framkvæmdir til að reisa  
3 nýtt fangelsi. Eðlilegra væri að skoða hvort unnt sé að mæta aukinni þörf fyrir fangarými með því að byggja  
15 við og endurbæta þau fangelsi sem fyrir eru í landinu.

4  
15 Auka þarf vægi samfélagsþjónustu og rafræns eftirlits í stað fullnustu refsinga í fangelsum. Efla þarf úrræði  
5 fyrir unga afbrotamenn. Þá þarf að finna leiðir til að hlúa sem best að andlega vanheilum afbrotamönnum.

15  
6 Efla þarf löggæslu í landinu, styrkja þarf sérsveitina og skoða möguleika á að almenningur geti tekið þátt í  
15 varaliði lögreglu. Hlúa þarf að og byggja tryggja öryggisinnviði, t.a.m. tölvuvarnir og getu til að sporna gegn  
7 skipulagðri glæpastarfsemi.

## Ályktun um innanríkismál

15

8 Komið er að þolmörkum í niðurskurði löggæslumála og nýtt fjárlagafrumvarp boðar ekki góða tíma. Ákveðin  
15 hagræðing er þó nauðsynleg í yfirstjórn lögreglunnar. Gæta ber sérstaklega að því að viðhalda og styrkja  
9 lögregluembættin á landsbyggðinni og stjórn embætta verði ekki skert með skipulagsbreytingum eða  
16 tilflutningi.

0

16 Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á mikilvægi Landhelgisgæslunnar. Mikilvægt er að Landhelgis gæslan  
1 hafi á hverjum tíma yfir að ráða nauðsynlegum tækja- og skipakosti til að geta sinnt lögbundnu hlutverki sínu.  
16 Landsfundur hvetur til þess að tæki Landhelgisgæslunnar verði staðsett þar sem þeirra er þörf og áhersla  
2 lögð á að þau séu til staðar í hverjum landsfjórðungi.

16

3

16

4

16

5

16

6

16

7

16

8

16

9

17

0

17

1

17

2

17

3

17

4

17

5

17

6

17

7

17

## Ályktun um innanríkismál

8  
17  
9  
18  
0  
18  
1  
18  
2  
18  
3  
18  
4  
18  
5  
18  
6  
18  
7  
18  
8  
18  
9  
19  
0  
19  
1  
19  
2  
19  
3  
19  
4  
19  
5  
19  
6  
19  
7  
19  
8

## Ályktun um innanríkismál

19  
9  
20  
0  
20  
1  
20  
2  
20  
3  
20  
4  
20  
5  
20  
6  
20  
7  
20  
8  
20  
9  
21  
0  
211  
21  
2  
21  
3